



Framkvæmda- fréttir 33. tbl. /03



Brunná í Hvalfirði í júlí 1994.



Auður Þóra Árnadóttir
deildarstjóri
umferð og umferðaröryggi
Vegagerðin

Áhrif Hvalfjarðarganga á umferðaröryggi

Ágrip af fyrirlestri sem fluttur var á ráðstefnu um rannsóknir Vegagerðarinnar 7. nóvember sl.

Teknar hafa verið saman upplýsingar um fjölda og tíðni umferðaróhappa á vegum við og í grennd við Hvalfjörð á tveimur tímabilum. Fyrri athugunartímabil nær til árunna 1995-1997 en hið síðara nær yfir tímabilið 1999-2001. Upplýsingar um óhöpp eru byggðar á lögregluskýrslum. Hval-
Framhald í opnu

Auglýsingar útboða

Markarfljót, varnargarðar neðan Hringvegjar 03-096

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð á 1.600 m löngum varnargörðum.

Helstu magnþölur eru:

Fyllingar í varnargarða	23.600 m ³
Ofanafýting	2.800 m ³
Grjótvörn	8.300 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánuðeginum 1. desember 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 16. desember 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 33. tbl. 11. árg. nr. 355 1. des. 2003

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.
Áskrift er endurgjaldslaus.

Framhald af forsíðu

fjarðargöng voru opnuð þann 11. júlí 1998 og er árinu 1998 því sleppt en það ár urðu þrjú banaslys í Hvalfirði. Þau koma ekki fram í þessum samanburði.

Vegakerfi og umferð

Við opnun Hvalfjarðarganga varð grundvallarbreyting á vegakerfinu. Hringvegurinn sem áður hafði þrætt Hvalfjörðinn færðist nú í göng undir fjörðinn og áfram um nýjan veg austan Akrafjalls. Umferð á leið til Akraness þurfti nú ekki lengur að aka fyrir Hvalfjörð en gat í staðinn farið um göngin og svo áfram eftir nýjum vegi sunnan Akrafjalls. Þegar Hvalfjarðargöng voru opnuð lögðust siglingar Akraborgar af.

Miklar breytingar á umferð

Ársdagsumferð um Hvalfjörð á fyrra athugunartímabili, þ.e. 1995-1997, var að meðaltali um 1.700-2.000 bílar á sólarhring. Ársdagsumferð um Akranesveg var tæplega 1.200 bílar á sólarhring en mun minni á öðrum vegum í kringum Akrafjall, mest um 300 bílar á sólarhring á þáverandi Akrafjallsvegi.

Ársdagsumferð um Hvalfjarðargöng á síðara tímabilinu sem til skoðunar er, þ.e. 1999-2001, var að meðaltali rúmlega 3.000 bílar á sólarhring. Á Hringvegi austan Akrafjalls var meðalumferð milli 2.000 og 3.000 bílar á sólarhring. Ársdagsumferð um Hvalfjarðarveg var á bilinu 240 til 600 bílar á sólarhring en umferð á fyrsta kafla hins nýja Akrafjallsvegar, sunnan Akrafjalls, var að meðaltali tæplega 1.500 bílar á sólarhring en tæpir 800 bílar á sólarhring norðan Akrafjalls. Ársdagsumferð á Innnesvegi var að meðaltali mill 600 og 700 bílar á sólarhring.

Fjöldi og staðsetning umferðaróhappa

Safnað var saman upplýsingum um umferðaróhöpp á hvoru vegakerfi fyrir sig og þau merkt inn á kort (sjá hér fyrir neðan). Á súluriti má sjá samanburð á fjölda óhappa á báðum tímabilum. Heildarfjöldi fer úr 148 í 111 og er því um 25% fækkun að ræða. Óhöppum með meiðslum á fólki eða dauða fækkar um tæp 39%. Ítrekað skal að hér er verið að bera saman mislöng vegakerfi með mismikilli umferð.

Óhappatiðni

Með óhappatiðni er átt við fjölda óhappa á milljón ekinna km.

Hér til hliðar er súlurit sem sýnir samanburð á meðal-óhappatiðni á vegakerfunum tveimur. Heildaróhappatiðni hækkar örlítið, um tæp 2%.


Tíðni óhappa með meiðslum eða dauða lækkar um rúm 17%.

Heildaróhappatiðni er í báðum tilvikum mjög svipuð óhappatiðni á þjóðvegum utan þéttbýlis almennt. Hins vegar er tíðni óhappa með meiðslum á fólki nokkuð lægri hér en almennt hefur átt við um þjóðvegi utan þéttbýlis.


Túlkun niðurstaðna

Heildaróhappatiðni stendur nokkurn veginn í stað eða hækkar örlítið.

Þessi hækkun kemur til vegna aukinnar tíðni eignatjóns-óhappa. Hér er hugsanlegt að betri skráning upplýsinga um umferðaróhöpp frá og með 1998 eigi hlut að máli. Frá því ári hefur Umferðarráð (nú Umferðarstofa) fengið upplýsingar um óhöpp frá lögreglu á rafrænu forni. Einnig er hugsanlegt að færri eignatjónsóhöpp hafi verið tilkynnt til lögreglu fyrir opnun Hvalfjarðarganga vegna aukinna vegalengda.




Slysakort af Hringvegi um Hvalfjörð og vegum í kringum Akrafjall á tímabilinu 1995-1997. Gulir punktar tákna eignatjón en rauðir tákna óhöpp með meiðslum á fólki. Óhöppin eru alldreifð en samt skera ákveðnir staðir sig úr, t.d. Laxá í Kjós, Hvalfjarðarbotn og Miðsandur. Lengd vegakerfis er um 94 km.



Samanburður fjölda óhappa eftir verstu afleiðingum á tveimur athugunartímabilum

Tíðni óhappa með litlum meiðslum lækkar. Í ljós hefur komið á undanförunum árum að skráning lítilla meiðsla virðist vera nokkuð tilviljanakennd og því er erfitt að draga miklar ályktanir af þessu. Þó má í þessu sambandi nefna að tíðni óhappa með meiðslum á landinu öllu lækkaði nokkuð milli árána 1999 og 2000, hvort sem það tengist einhverju í skráningu, öruggari bílum eða er tilviljun ein. Ekki liggja fyrir gögn fyrir árið 2001 og ekki er hægt að draga ályktanir út frá einu ári.

Tíðni óhappa með miklum meiðslum lækkar nokkuð. Hér ættu gögn að vera nokkuð áreiðanleg og þetta er tvímælalaust mjög jákvætt. Þar sem um fá tilvik er að ræða er þó ekki hægt að sýna fram á að þessi niðurstaða sé tölfræðilega marktæk. Í skýrslu dómsmálaráðherra um stöðu umferðaröryggismála




Samanburður á óhappatíðni eftir verstu afleiðingum óhappa á tveimur athugunartímabilum

fyrir árið 2002 kemur fram að þeir sem slösuðust alvarlega í umferðinni (ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda óhappa með alvarlegum meiðslum) voru um 16% færri á tímabilinu 1999-2001 en á tímabilinu 1995-1997. Því kann lækkun tíðni óhappa með miklum meiðslum á svæðinu sem við erum að skoða hér, að tengjast að einhverju leyti fækkun alvarlegra óhappa almennt.

Á landsvísi eru miklar sveiflur í fjölda banaslysa á milli ára. Eins og fram kom í upphafi var árinu 1998 sleppt í þessum samanburði en það ár urðu þrjú banaslys í Hvalfjarði.

Að verkefninu unnu Auður Þóra Árnadóttir og Jón Hjaltason en Sigurður Björn Reynisson og starfsmenn Umferðarstofu aðstoðuðu við gagnaöflun.



Slysakort af Hringvegi um Hvalfjarðargöng og fyrir austan Akrafjall en einnig af Hvalfjarðarvegi, Akrafjallsvegi, Innnesvegi og hluta Akranesvegjar á síðara athugunartímabili, þ.e. 1999-2001. Eins og við mátti búast hefur óhappamynstrið breyst. Athygli skal vakin á mörgum eignatjóns-óhöppum beggja vegna ganganna. Lengd vegakerfis er um 103 km.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stóðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, V:Vesturland, Vf:Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Sl. Hringvegur (1) við Hellu	04
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	03
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92) um Hólmaháls	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð	03
03-095 Au. Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	03
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi	03
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
03-014 Rn. Hringvegur (1), gatnamót við Nesbraut, hönnun	01.12.03 23.12.03
03-096 Sl. Markarfljót, varnargarðar neðan Hringvegur	01.12.03 16.12.03
03-093 V. Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði	17.11.03 02.12.03
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
03-097 Au. Jökulsá í Lóni, varnargarðar neðan Hringvegur	27.10.03 11.11.03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	20.10.03 04.11.03
03-081 Au. Hringvegur (1) um Össurá og Hlíðará í Lóni	20.10.03 04.11.03
Samningum lokið	Opnað: Samið:
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Brekkaheiði - Saurbæjará Héraðsverk ehf.	21.10.03 19.11.03
03-049 Vf. Djúpvvegur (61), Forvaði - Þorpar Norðurtak ehf.	23.09.03 18.11.03

Samningum lokið, framhald

Opnað: Samið:

03-094 Au. Hringvegur (1)
um Kotá í Örfæum
Suðurverk hf.

07.10.03 08.11.03



Brúargerð á Skaftá hjá Kirkjubæjarklaustri í október.
Mynd: Ísleifur Ingimarsson.

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1), gatnamót við Nesbraut, hönnun


03-014

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í for- og verkhönnun á 1. áfanga á mislægum gatnamótum Hringvegur og Nesbrautar ásamt tilheyrandi römpum og brú. Val ráðgjafa fer fram á grundvelli hæfnisvals og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni ráðgjafa og verðtilboð. Um verkið gilda Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf, ÍST 35, 1. útgáfa 1992-03-01. Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu. Forhönnun skal lokið fyrir 29. mars 2004. Verkhönnun skal lokið fyrir 14. júní 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 1. desember 2003. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 23. desember 2003. Verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður haldinn að Borgartúni 7, Reykjavík, þriðjudaginn 6. janúar 2004 kl. 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og tilboðsskrá opnuð. Einungis verða lesin upp nöfn bjóðenda og samanlögð þóknun af tilboðseyðublöðum.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 24. nóvember 2003. Samtals er búið að sprengja 1.983 m sem gerir 34,8%.